

Eyja- og Miklaholtshreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hofsstöðum
311 Borgarnes



Reykjavík 21. ágúst 2015
UST201507-157/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Múlavirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps dags. 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er verið að raungera breytingar sem urðu á mannvirkjum Múlavirkjunar á framkvæmdatíma en verulegt ósamræmi er á milli núverandi deiliskipulags og endanlegrar útfærslu virkjunarinnar.


Umræddar breytingar á deiliskipulagi ná til breytinga á uppsettu afli. Stækkun á byggingarreit stöðvarhúss og breytinga á hæð hússins. Breyting á staðsetningu stíflu í Straumfjarðará og stækkun uppistöðulóns.


Árið 2005 fór fram mat á umhverfisáhrifum upphaflegrar Múlavirkjunar. Árið 2011 var fjallað um breytingar á uppsettu afli virkjunarinnar. Taldist sú breyting ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Við umhverfismat deiliskipulags er fjallað í stórum dráttum um sömu atriði og þau sem voru til umfjöllunar við umhverfismat breytingarinnar.

Virkjunin hefur verið rekin með þeim mannvirkjum sem deiliskipulagið nær til frá árinu 2005. Ætla má að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu að mestu komin fram. Mögulegt er að áhrif ofauðgunar á lífríki Baulárvallavatns og tímabundin áhrif hennar séu ekki að öllu leyti komin fram.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag en stofnunin vill benda á að talsvert virðist skorta á eftirlit opinberra aðila með framkvæmdum eins og Múlavirkjun þar sem verulegt ósamræmi reynist vera milli framlagðra gagna og endanlegrar útfærslu mannvirkja.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri